

Skýrsla af 93 þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) Genf 31.5 – 16.6 2005

Sendinefndin

Af hálfu stjórnvalda, Stefán Haukur Stefánsson sendiherra í Genf og ásamt honum Gylfi Kristinsson, félagsmálaráðuneytinu, Ingibjörg Davíðsdóttir, sendifulltrúi í Genf, Sverrir Konráðsson, Siglingamálastofnun og Eyjólfur Sæmundsson (Vinnueftirliti ríkisins). Af hálfu samtaka verkafólks, Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands og Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ. Af hálfu atvinnurekenda sátu þingið Hrafnhildur Stefánsdóttir, aðallögfræðingur SA og ásamt henni Jón H. Magnússon, lögfræðingur SA. Þau Ísleifur Tómasson, Rafiðnaðarsambandi Íslands og Ása Clausen frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar sóttu Genfarskólann að þessu sinni en Ísleifur myndaði jafnframt hluta af sendinefnd verkafólks. Sérstökum ráðgjafa FAO var boðið að sitja fundi fiskimannanefndarinnar og reyndist það vera Ari Guðmundsson, fyrrverandi starfsmaður Siglingamálastofnunar.

Megin málefni

1. Kosningar í stjórnarnefnd ILO
2. Ný samþykkt um réttarstöðu og aðbúnað fiskimanna.
3. Fyrsta umræða nýja samþykkt eða tilmæli um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.
4. Almenn umræða um atvinnumál ungs fólks.
5. Framkvæmd samþykkt.
6. Samþykktir um vinnutíma – rannsóknarskýrsla

1. Kosningar í stjórnarnefnd

Kosið er til þriggja ára í senn. Verkafólk kýs 14 meðlimi, atvinnurekendur 14 og ríkisstjórnirnar 28 (hluti þeirra á þó fast sæti en kosið er um rest). Í síðustu kosningum 2002 náði Alþýðulýðveldið Kína varasæti en fulltrúi Ísraelska Alþýðusambandsins féll sem varamaður. Kína sótti mjög fast að halda sæti sínu en Alþjóðasamtök verkafólks (ICFTU) ákváðu að stilla þeim ekki upp. Þeir buðu því fram sjálfstætt en féllu með 20 atkvæða mun af 135. Afstaða ICFTU og margra hinna atkvæðisbæru fulltrúa, þar á meðal Íslands, helgaðist af litlum framförum Kínverskra stjórnvalda í mannréttindamálum verkafólks og réttindum sjálfstæðra verkalýðsfélaga og er það í samræmi við afstöðu ASÍ. Kínverjar tóku þessu illa og telja að gegn sé unnið í anda Kalda-stríðsins. Það er að sjálfsögðu rangt, enda Kínversk verkalýðshreyfing ríkisrekin og leiðtogar frjálsra verkalýðsfélaga fangelsaðir.

Eftir síðustu kosningar gerði MMN alvarlegar athugasemdir við framkvæmd kosninganna, m.a. hvað það varðar að þegar kosningar fóru fram, nutu hinir atkvæðisbæru fulltrúar ekki næðis og einveru til atkvæðagreiðslunnar, heldur voru umkringdir fjölda óatkvæðisbærra fulltrúa, þar á meðal tuga Kínverja. Þessu hefur verið kippt í liðinn og fóru kosningar eðlilega fram.

Þau nýmæli gerðust, að ICFTU náði samkomulagi um uppstillingu við WCL (samtök kristinna verkalýðsfélaga) og ICATU (samtök heildarsamtaka verkafólks í Arabalöndunum) en við það fjölgaði fulltrúum Arabalandanna um þrjá á varamanna og vara-varamanna lista stjórnarnefndarinnar.

Verkafólk frá eftirfarandi ríkjum eiga fast sæti í stjórnarnefndinni eftir þessar

kosningar: Indland, Ástralía (Sharan Burrow, forseti ICFTU), Kanada, Gínea, Svíþjóð (Ulf Edström frá LO-Svíþjóð), Þýskaland, Kolumbía, Japan, Nígería, Alsír, Rússland, Bretland, Barbados og Bandaríkin. Jafnframt náði Karin Beate Theodorsen frá LO-Noregi fjórða sæti á varamannalista stjórnarnefndarinnar.

Norðurlöndin eiga þannig áfram sæti aðalmanns í stjórnarnefndinni en þetta er þriðja kjörtímabil Ulfs Edström. Norðurlöndin utan Íslands, hafa í gegnum árin skipt þessu sæti á milli sín. Norðmenn hafa sótt fast að taka við þessu sæti við kosningar 2008.

2. Samþykkt um réttarstöðu og aðbúnað fiskimanna.

Sævar Gunnarsson sat í þessari nefnd með fullan atkvæðisrétt en auk hans sat Ísleifur Tómasson þessa nefnd. Jón H. Magnússon sat af hálfu atvinnurekenda, Sverrir Konráðsson af hálfu stjórnvalda og eins og áður er komið fram var Ari Guðmundsson frá FAO sérstakur ráðgjafi nefndarinnar. Fram fór önnur og lokaumræða um tillögu að nýrri samþykkt sem ætlað var að koma í stað nokkurra eldri samþykkt. (Nánar er um það fjallað í skýrslu frá 92 þingi.) Seinni umræðan var auðveldari en sú fyrri. Til þess þurfti þó að efna til fjölda kvöldfunda og segja má að þetta hafi verið sú nefnd sem fundaði lengst á þinginu, oft í smærri vinnuhópum. Að lokum tókst aðilum með lempni að koma sér saman um tillögu að nýrri samþykkt án meiriháttar átaka. Tillagan var afgreidd frá nefndinni til lokafgreiðslu á þingfundi.

Þegar til þingfundar kom, var ljóst að atvinnurekendur höfðu unnið gegn staðfestingu samþykktarinnar eftir að hafa samþykkt hana í nefndinni og lagst á allmargar ríkisstjórnir með tilmæli um að hindra staðfestingu hennar en staðfestingin krefst aukins meirihluta. Þegar til fundarins kom sat yfirgnæfandi meirihluti atvinnurekenda hjá og varð það til þess að útilokað var að aukinn meirihluti næðist við afgreiðslu. Raunar er þeim ekki einum um að kenna, því 4 fulltrúar verkafólks greiddu atkvæði gegn Samþykktinni og 17 mættu ekki til atkvæðagreiðslu, þar á meðal fulltrúi danska Alþýðusambandsins. Þingið ákvað að lokum með einfaldri samþykkt að beina því til Stjórnarnefndarinnar að taka málið á dagskrá þingsins 2007.

Tillagan hefði aukið og bætt réttarstöðu og aðbúnað fiskimanna um allan heim og lokagerð hennar að ýmsu leiti betri en verkalýðshópurinn hafði talið raunhæft að ætla. Ísland er í þeirri stöðu að svo vel er á málum haldið hér á landi að ekkert hefði verið því til fyrirstöðu að félagsmálaráðherra mælti með staðfestingu hennar þegar í haust.

Á eftirfarandi grundvallarþáttum er tekið:

- Lágmarkskröfur til þess að mega vinna um borð í fiskiskipi (aldur og heilbrigðissskoðanir).
- Mönnun
- Hvíldartími
- Ráðningarsamningar
- Heimflutningur (fiskveiðar á alþjóðlegu hafsvæði)
- Ráðning (ráðningarstofur)
- Regluleg greiðsla launa
- Aðbúnaður og fæði
- Heilsuvernd, lækniþjónusta og félagslegt öryggi
- Aðbúnaður, hollustuhættir og slysavarnir
- Réttindi vegna atvinnusjúkdóma og slysa

Samþykktinni fylgja þrjár viðbætur. Hin fyrsta um stærðarmælingar þar sem samræmt er milli lengdar og þyngdarmælinga. Önnur er um efni ráðningarsamninga fiskimanna og sú þriðja geymir ýtarlegri ákvæði um aðbúnað og fæði en Samþykktin sjálf gerir.

Í viðbæti nr. 3, eru settar ýtarlegar viðmiðanir um aðbúnað og fæði. Settar eru lágmarkskröfur um öll fiskiskip nema og þá því aðeins að stjórnvöld hafi tilkynnt sérstaklega til ILO að viðbæturinn taki ekki til tiltekinna skipa. Þar er þó gildissviðið nokkuð takmarkað og aðeins heimilt með rökstuðningi að undanþiggja fiskiskip sem stunda veiðar á ám, vötnum og skurðum eða takmarkaða tegund fiskveiða. Jafnframt er hægt að undanþiggja fiskiskip sem ekki eru umfram 24 tíma á sjó og þar sem fiskimenn búa ekki um borð þegar skipið er í höfn. Í viðbætinum eru í fyrsta lagi almennar lágmarkskröfur. Í öðru lagi er þar síðan að finna ýtarlegri reglur og auknar kröfur varðandi fiskiskip sem eru a.m.k. 24 metrar að lengd og ekki undir 175 brúttótonnum og í þriðja lagi enn frekari kröfur um fiskiskip sem eru ekki undir 45 metrum og ekki undir 500 brúttótonnum. Fulltrúar verkafólks höfðu í upphafi lagt til að lægri mörkin yrðu sett við 100 brúttótonn en fulltrúar atvinnurekenda lögðu til að miðað yrði við 300. Sátt tókst síðan um 175. Það verður að telja ásættanlega niðurstöðu en staðan í þessu tilliti var nokkuð flókin þar sem lengd, breidd og hæð fiskiskipa er ákaflega misjöfn eftir heimshlutum. T.d. hentar Asíuþjóðunum vel að byggja löng skip en grunnskreið sem myndu mörg hver falla undir 24m/100t viðmiðunina en sleppa þegar miðað er við 24m/175t. Um þessar viðmiðanir tókst sátt í upphafi annarar viku.

Tillagan að þessari Samþykkt er sérstök að því leyti, að viðbætur 1 og 3 er heimilt að breyta eftir eina umræðu á þingi ILO. Það gerist þannig að Stjórnarnefndin, eftir að þríhliða fundur sérfræðinga hefur lagt það til, setur breytingarnar á dagskrá þingsins. Nái breytingin stuðningi 2/3 atkvæðisbærra fulltrúa, þar á meðal a.m.k. atkvæði helmings þeirra ríkja sem staðfest hafa Samþykktina. Einstök aðildarríki gætu síðan á næstu sex mánuðum tilkynnt ILO að breytingin muni ekki taka til þeirra. Þessum ákvæðum samþykktarinnar um "skemmri skírn" við breytingar er ætlað að gera það mögulegt að aðlaga kröfur um aðbúnað eftir því sem tækni við fiskveiðar og skipasmíðar vindur fram.

Eins og fyrr segir náðist ekki vegna hjásetu atvinnurekenda að afgreiða þessa tillögu að nýrri Samþykkt á þingfundi en þá ákveðið að málið verði tekið fyrir að nýju á þinginu 2007.

3. Fyrsta umræða nýja Samþykkt eða Tilmæli um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum

Eyjólfur Sæmundsson sat þessa nefnd af hálfu íslenskra stjórnvalda en hvorki við eða SA áttum þar fulltrúa. Öll norræna verkalýðshreyfingin tók þátt í störfum þessarar nefndar og sá Björn Eriksson (Noregi) um að samræma störf þeirra. MMN sótti samræmingar fundi til þess að fylgjast með þróun mála.

Á þinginu 2003 var almenn umræða um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Tilgangurinn var sá að kanna áhrif, samræmi og nauðsyn gildandi samþykpta. Ákveðið var á því þingi að taka málið til umræðu að nýju með það fyrir augum að setja nýja samþykkt um þennan mikilvæga málaflokk. Í framhaldi þess var gerð viðamikil könnun meðal aðildarríkja ILO og útbúin skýrsla í framhaldi hennar. Hún myndaði grundvöll umræðunnar.

Samþykktinni / Tilmælunum er í raun ætlað að tengja saman og hnykkja á eldri samþykktum ILO um sama efni. Í henni er fyrst og fremst fjallað um nauðsyn og skyldu til þess að hafa gangandi áætlun og skipulagt kerfi í kringum aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og fleira í þeim dúr.

Lagt var í upphafi af stað með að þetta gæti bæði tekið á sig mynd sem ný Samþykkt og sú varð niðurstaðan. Á þingi ILO 2006 mun því fara fram önnur umræða og afgreiðsla nýrrar Samþykktar. Þessari nýju Samþykkt verður ekki ætlað að koma í stað annarra samþykktar um aðbúnað og hollustuhætti en koma þeim til viðbótar og samþættingar.

Í starfi nefndarinnar kom fram, að atvinnurekendur andmæltu mörgum þeim þáttum sem lúta að beinum réttindum launafólks og að hluta aðkomu verkafólks hreyfingarinnar að skipulagi og stjórn þessa málaflakks. Fulltrúar EB og margra annarra ríkisstjórna lögðust nokkuð á sveif með þeim. Fulltrúar norrænu hreyfingarinnar voru ekki ánægðir með heildarniðurstöðuna en telja þó að í niðurstöðum nefndarinnar sé að finna opnanir sem hægt sé að nota til þess að vefja inn ýtarlegri og betri tillögur. Hins vegar er talsmaður verkafólks í nefndinni svartsýn á hvort rétt sé af okkur að halda áfram starfinu þar sem niðurstöður eru veikar.

Í Norræna hópnunum var ákveðið að halda sig á "jávæðu" línunni og mun Björn Eriksson (Noregi) samræma aðkomu okkar fyrir næsta þing. Nauðsyn ber til þess að við tökum virkan þátt í störfum þessarar nefndar og starfinu milli þinga.

4. Almenn umræða um atvinnumál ungs fólks.

Fyrir nefndinni lá ýtarleg skýrsla ILO þar sem fram kemur að 47% alls atvinnuleysis í heiminum er meðal ungs fólks. Vandamálið virðist ekki bundið þeim ríkjum þar sem atvinnuleysi er mikið sbr. m.a. Ísland þar sem 9.3% atvinnuleysi er meðal ungs fólks meðan almennt atvinnuleysi liggur á c.a. 2.3%. MMN tók fullan þátt í störfum þessarar nefndar.

Í niðurstöðum nefndarinnar er m.a. fjallað um eftirtalda þætti:

- Þá áskorun sem atvinnuleysi ungs fólks er. Þar er reynt að varpa ljósi á umfang vandans og það undirstikið m.a., að lausn á atvinnuleysi ungs fólks er ein af forsendum þess að ráða við fátækt. Fram kemur að atvinnuleysið lendir mun harðar á ungum konum, fólki af "öðrum kynþætti", þjóðarbrotum og fleiri slíkum þáttum.

- Stefnumörkun og aðgerðir til þess að skapa góð og arðbær störf fyrir ungt fólk. Í þeim kafla eru settar fram fjölbreyttar hugmyndir. M.a. að forsenda þess að ungt fólk geti tryggt sér starf sé skilyrðislaus ókeypis aðgangur að menntun á öllum skólastigum, fjárfesting í starfsþjálfun, sérstök átök til þess að fjölga störfum fyrir ungt fólk, rannsóknir sem beinist að því hvar í efnahagslífinu sé helst að bera niður með árangri í þessum efnum, sérstakar ráðstafanir til þess að hvetja ungt fólk til atvinnustarfsemi á eigin vegum o.fl. Jafnframt var ítrekað að nauðsynlegt sé að skapa góð störf m.a. til þess að vinna gegn þeirri þróun að ungt fólk sitji fast í hlutastörfum, tímabundnum störfum, tilfallandi verkefnum og annars konar vinnu sem fellur ekki að hinum hefðbundna vinnumarkaði.

- Í þeim kafla sem fjallar um það hvað ILO geti gert kemur fram að ILO getur samræmt og samþætt aðgerðir á Alþjóðavettvangi, byggt upp þekkingu, styrkt og eftl tæknilega aðstoð sína í þessum efnum (þegar eru nokkur slík í gangi), hannað nauðsynleg tæki og mælikvarða, aðstoðað við stefnumótun o.fl.

- Að lokum er í sérstökum viðbæti fjallað um allar þær Samþykktir ILO sem skipta máli þegar atvinnumál ungs fólks eru rædd.

Starf þessarar nefndar var einkar spennandi og fræðandi. Atvinnurekendur og verkafólk náði tiltölulega vel saman um allar helstu niðurstöður en sum stjórnvöld reyndust tregari í taumi. Megin áhersla verkafólks lá á því að tryggja að þau störf sem sköpuð verði séu góð störf innan hins formlega vinnumarkaðar, að ekki sé úr ábyrgð atvinnurekenda dregið hvað varðar starfsmenntun og þjálfun og að ekki sé dregið úr ábyrgð ríkisstjórnanna og alþjóðasamfélagsins á því að skapa umhverfi og tækifæri til fjölgunar góðra starfa, m.a. með góðri reglusetningu, nægilegu fjármagni, ókeypis menntun o.fl. Ekki var ákveðið að ljúka þessari umræðu með því að mæla með því að sett yrði ný samþykkt um þennan málaflokk.

5. Nefnd um framkvæmd Samþykta

Að lokinni almennri umræðu um skil á skýrslum, sérstakri umræðu um ástandið í Myanmar var fjallað um brot á eftirfarandi samþykktum:

S-29 Nauðungarvinna.

Myanmar (Burma) - Sjá fyrri skýrslur. Engin framför frá 2000, lítil samvinna við ILO. Efnt var til sérstaks þingfundar til þess að fjalla um stöðuna en það er aðeins gert í alvarlegustu málum.

Máritanía – Afkomendum þræla haldið í nauðungarvinnu af fyrrum

“eigendum”, þrátt fyrir bann í lögum. Gert að skila tæmandi skýrslu, boðin tæknileg aðstoð og ákveðið að senda sérstaka nefnd ILO til gagnaöflunar.

Súdan – Mannrán, mannsal og nauðungarvinna þúsunda kvenna og barna á þeim svæðum þar sem barist er, allt gert án afskipta stjórnvalda sem vita um vandann og hafa lent í andstöðu við alþjóðasamfélagið vegna þess. Sérstök rannsókn ákveðin á vegum ILO.

S-77 og 78 Heilbrigðisskoðanir ungs verkafólks

Ekvador – Samþykktirnar hvorki virkar í lögum eða framkvæmd.

S-81 Vinnumarkaðseftirlit

Rúmenía – Samþykktin ekki virk og lög að nokkru í ósamræmi við hana.

S-87 Félagafrelsi

Argentína – Takmarkanir á stofnun og starfsemi verkalýðsfélaga, skyldubundin skráning og blessum stjórnvalda. Skýringa óskað í næstu skýrslu til ILO.

Rússland - Takmarkanir á stofnun og starfsemi verkalýðsfélaga og meint ósamræmi milli ILO Samþykta og landslaga. Skulu senda skýrslu.

Bosnía Hersegóvína - Takmarkanir á stofnun og starfsemi verkalýðsfélaga, skráning og tafir við afgreiðslu.

Burundí - Takmarkanir á stofnun og starfsemi verkalýðsfélaga á opinberum vinnumakaði. Bann við aðild ungs fólks og reglusetning stjórnvalda hverjir megi gegna stjórnarstörfum innan verkalýðsfélaga og verulegar takmarkanir á verkfallsrétti opinberra starfsmanna.

Guatemala – Ofbeldi gegn verkalýðsleiðtogum, handtökur og fangelsun. Gefa skýrslu og bent á tæknilega aðstoð ILO.

Myanmar (Burma) - Ofbeldi gegn verkalýðsleiðtogum, handtökur og

fangelsun. Bann við fundarhöldum, mótmælum og almennt allri opinberri starfsemi verkalýðsfélaga.

Panama – Takmörkun á starfsemi verkalýðsfélaga opinberra starfsmanna og takmarkanir á verkfallsrétti. Harmað að skuli ekki hafa nýtt sér tæknilega aðstoð ILO og skorað á stjórnvöld að gera það. Skila sérstakri skýrslu.

Hvíta-Rússland – Takmarkanir á félagafrelsi þeirra sem vinna fleiri en eitt starf, kvenna, þeirra sem bera fjölskylduábyrgð og ýmissa annarra hópa.

Swasiland - Takmarkanir á stofnun og starfsemi verkalýðsfélaga. Ofbeldi gegn verkalýðsleiðtogum og takmarkanir á félagafrelsi tiltekinna opinberra starfsmanna.

Tyrkland - Takmarkanir á stofnun og starfsemi verkalýðsfélaga. Opinbert eftirlit með ársfundum (áheyrn). Bann við rekstri verkalýðsfélaga á útvarpi og sjónvarpi, heimildir til að setja löglega kjörna leiðtoga af og takmarkanir á félagafrelsi opinberra starfsmanna. Gert að skila skýrslu.

Venezuela - Takmarkanir á stofnun og starfsemi verkalýðsfélaga m.a. með heimild til þess að neita að viðurkenna löglega kjörnar stjórnir verkalýðsfélaga.

Kólumbía - Takmarkanir á stofnun og starfsemi verkalýðsfélaga, morð og fangelsun verkalýðsleiðtoga. Takmarkanir á verkfallsrétti opinberra starfsmanna með allt of víðtækri túlkun á því hvað er "nauðsynleg þjónusta" þegar verkfallsréttur opinberra starfsmanna er metinn. Gert að skila skýrslu þar sem fram komi upplýsingar um morð og niðurstöður rannsókna en við þykir brenna að lítt eða ekki sé refsað fyrir morð á mannrán á verkalýðsleiðtogum og atvinnurekendum. Jafnframt mun forseti Félagafrelsis nefndarinnar og talsmenn verkafólks og atvinnurekenda í nefndinni fara í heimsókn til landsins. Jafnframt bent á tæknilega aðstoð. Atvinnurekendur sýndu einstakan ræfildóm í afstöðu sinni, líkt og venjulega þegar fjallað er um Kolumbíu, og hindruðu fasta og ákveðna afstöðu nefndarinnar þrátt fyrir að ástandið hafi ef eitthvað er farið versnandi.

S-95 Launavernd

Íran – Laun greidd út seint og illa og bið stundum allt upp í tvö ár. Það sama á við um greiðslu atvinnuleysisbóta og lífeyris frá hinum opinbera. Skýrsla.

S-98 Rétturinn til að stofna verkalýðsfélög og gera kjarasamninga

Ástralía – Mismunun gagnvart þeim sem eiga aðild að verkalýðsfélögum, bæði hvað varðar ráðningar og uppsögn og eins meðan á ráðningu stendur. Bent á að hugleiða hvort ekki sé rétt að stjórnvöld nýti sér tæknilega aðstoð ILO.

Zimbabwe – Krafa um að stjórnvöld þurfi að staðfesta alla kjarasamninga áður en þeir öðlast gildi. Heimild fyrir þá sem standa utan verkalýðsfélaga til þess að gera "kjarasamninga".

S-102 Félagslegt öryggi

Perú – Ófullnægjandi heilsugæsla, lífeyrismál o.fl. Boðin tæknileg aðstoð.

Sádi Arabía – Mismunun gagnvart erlendu vinnuafli og mismunun byggð á kynþætti, trú, kyni og af öðrum ástæðum.

S-144 Þríhliða samstarf

Nepal – Skortur á samráði um málefni ILO og skortur á upplýsingum.

Bandaríki Norður-Ameríku – Þríhliða fundir ekki haldnir árum saman (frá því Bush tók við), seinangangur í kynningu nýrra samþykktu og ófullnægjandi framlög til þess að sitja ILO þingin. Skulu gefa skýrslu um að svo sé á haldið að öllum aðilum líki.

S-182 Afnám barnavinnu

Qatar – Sala á börnum í skuldaþrældóm vegna skulda foreldra og ættingja auk þess sem börn eru notuð sem knapar á úlföldum.

Nígería – Mikið um að börn vinni sem "betlarar" og við hættuleg störf í námum. Lögð áhersla í niðurstöðum á ókeypis skólavist og almenna skólaskyldu. Send verður sérstök nefnd til að afla upplýsinga um stöðuna en stjórnvöld halda því fram að barnavinna viðgangist ekki í landinu. Gert að skila nákvæmri skýrslu

Þess er rétt að geta, að í störfum þessarar nefndar kom upp lítilháttar ágreiningur innan verkalýðshópsins. Forseti Súðanska Alþýðusambandsins setti fram harða gagnrýni á starfsmenn nefndarinnar vegna þess að hann taldi um vegið að Súðan vegna ástandsins í Darfur. Hann fékk nokkurn stuðning en almennt var flestum ljóst að umfjöllun talsmannsins sem gagnrýndi stjórnvöld í Súðan nokkuð harkalega naut öflugss stuðnings meirihluta fulltrúa launafólks í nefndinni.

6. Samþykktir um vinnutíma – rannsóknarskýrsla

Í gildi eru tvær samþykktir ILO hér að lútandi, nr. 1 og nr. 30. Ísland hefur hvoruga staðfest og raunar ákaflega fáar þjóðir í heild. Er það fyrst og fremst vegna þess að Samþykktirnar ganga mjög langt í kerfisbindingu og takmörkun á vinnutímanum, talsvert umfram að sem nauðsynlegt er. 1995 fór fram ýtarleg umræða um nauðsyn þess að endurskoða þessar Samþykktir. Í framhaldinu var gerð viðamikil könnun meðal aðildarríkjanna og útbúin sú skýrsla um málið sem til umræðu var. Í niðurstöðum skýrslunnar segir að vonast sé til þess að fram fari ýtarleg endurskoðun gildandi Samþykktu án þess þó að vikið verði í nokkru frá grundvallarviðhorfi ILO til vinnutímamála. Þau grundvallarviðhorf koma fram í formála stjórnarskrár ILO og byggjast á því að "tilvera mannsins byggist ekki einungis á vinnunni heldur því einnig að hver og einn skuli varinn gegn óhæfilegri líkamlegri og andlegri þreytu og eigi tækifæri til tómstunda, skemmtunar og fjölskyldulífs". Viðhorf byggð á sömu sjónarmiðum koma síðan fram í 24 gr. Mannréttindayfirlýsingarinnar og í grein 7.d. í Alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og hvað Ísland varðar í tilskipunum Evrópusambandsins. Ása Clausen fylgdist með þessum þætti þingsins.

Mat

Meirihluti allra þingstarfa tókst með miklum ágætum. Afstaða atvinnurekenda þegar kom að lokaafgreiðslu tillögu að nýrri Samþykkt um fiskimenn mun hins vegar geta haft alvarlegar afleiðingar á framtíðar samstarf innan nefnda ILO. Atvinnurekendur hafa með vinnubrögðum sínum sýnt, að þegar til alvörunnar kemur eru þeir ekki trúverðugur samstarfsaðili og spurning hvernig stofnunin og verkalýðshópurinn bregst við.

Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti og tóku hinir íslensku nemendur virkan þátt í störfum hans. Það er sameiginlegt mat þeirra að skólinn auki og dýpki skilning á mikilvægi alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar og

þeim verkefnum sem ILO sinnir og íslenskt verkafólk tekur þátt í.
Vefföng þar sem nálgast má skýrslur og niðurstöður frá 93 þingi ILO

93 þing ILO 2005 - Gögn
Júní 2005

Magnús M. Norðdahl Sævar Gunnarsson